

**3568. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtdaginn 25. júlí 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2402299 - Heilsuefling eldra fólks**

Tillaga að samstarfi við ÍA varðandi heilsueflingu eldra fólks á Akranesi í samræmi við nýlega samþykktu stefnu um öldrunarþjónustu á Akranesi.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 23.07.24 var bókað að ráðið er fylgjandi því að farið verði í tilraunaverkefni í samstarfi við ÍA, til áramóta, um að sinna heilsueflingu eldra fólks á Akranesi. ÍA annast allt utanumhald verkefnisins, auglýsingar, undirbúning, þjálfun, eftirfylgni og mælingar. Miðað er við að verkefnið hefjist í september. Framlag Akraneskaupstaðar verður allt að kr. 900.000 á mánuði, heildar framlög vegna ársins 2024 verða allt að kr. 3.600.000. Fjármögnun verkefnisins vegna ársins 2025 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Sviðsstjóra er falið að gera samning við ÍA um framkvæmd verkefnisins að fengnu samþykki bæjarráðs.

Erindinu er vísað til bæjarráðs.

Sveinborg Kristjánsdóttir, deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna, situr fundinn undir þessum dagskrálið.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar vísar erindinu til umsagnar skóla- og frístundaráðs sem og til yfirferðar fjármálastjóra um viðaukabeidiðnina og gert ráð fyrir að málið komi að nýju fyrir næsta fund bæjarráðs þann 15. ágúst nk.*

*Samþykkt 3:0*

*Sveinborg Kristjánsdóttir víkur af fundi.*

**2. 2407100 - Ný þjóðhagsspá Hagstofu 2024**

Ný þjóðhagsspá Hagstofu 2024.

*Lagt fram.*

**3. 2407115 - Docfest heimildamyndahátið 2024 - tækifærисleyfi vegna áfengisveitinga**

Umsagnarbeiðni sýslumannsins á Vesturlandi vegna tækifærисleyfis tímabundið áfengisleyfi fyrir Ingibjörgu Halldórsdóttur vegna heimildamyndahátiðar sem halda á dagana 17 - 21. júlí 2024 að Breiðargötu 2b, 300 Akranesi.

Afgreiðsla til staðfestingar.

*Bæjarráð samþykkir afgreiðslu bæjarstjóra með vísan til 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.*

*Samþykkt 3:0*

*EB*

**4. 2407120 - ÍA tækifærисleyfi vegna áfengisveitinga 28. júlí 2024**

Umsagnarbeiðni vegna tækifærисleyfis með áfengisveitingum fyrir knattspyrnufélag ÍA kt. 500487-1279 þann 28.júlí 2024 vegna leiks ÍA-Stjörnunnar.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins til umsækjanda með þeim fyrirvara að jákvæðar umsagnir berist frá slökkviliðsstjóra, Heilbrigðiseftirliti og öðrum viðbragðsaðilum.*

*Samþykkt 3:0*

**5. 2407131 - Lækjarflói 13 - skil á lóð**

Skil á lóðinni Lækjarflóa 13.

*Bæjarráð samþykkir beiðnina og skil á byggingarlóðinni Lækjanflói 13.*

*Samþykkt 3:0*

*Lóðin fer á lista yfir lausar lóðir hjá Akraneskaupstað þar sem áhugasamir geta sótt um í samræmi við úthlutunarreglur lóða í Flóahverfi.*

**6. 2403126 - Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreit - Laugabraut 20**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt ásamt greinagerð skipulagsfulltrúa við athugasemdum sem bárust vegna breytinganna. Senda skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir dagskráliðum nr. 7 til og með 11.

*Breytingin nær eingöngu til lóðarinna Laugabraut 20 og felst í að bætt er við 288 fermetra byggingarreit fyrir um 280 fermetrar færarlegar kennslustofur á suðurhluta lóðarinna sem snýr að Akurgerði. Byggingarreitur er 12 m á breidd og 24,3 m á lengd og nær að lóðarmörkum á suðurhlíð við Akurgerði likt og önnur hús við götuna. Húsið verður úr færarlegum einingum með valmapakformi með gluggum á öllum hlíðum og gert ráð fyrir hurðum til vesturs og austurs. Mænishæð skal vera undir 4 m. Lóðin verður áfram leiksvæði, gróin að hluta. Nýtingarhlutfal lóðar skal vera undir 0,5. Að öðru leyti gilda fyrri skilmálar skipulags.*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Laugabrautar 20 og að hún verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir fyrilliggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar bæjarstjórnar við framkomnum athugasemdum vegna deiliskipulagsbreytingarinnar.*

*Samþykkt 3:0*

*ETB*

**7. 2407079 - Lagning ljósleiðara - tilboð til sveitarfélaga um styrk til að ljúka lagningu ljósleiðara til allra lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli**

Tilboð til sveitarfélaga um styrk til að ljúka lagningu ljósleiðara til allra lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli.

*Bæjarráð vísar málínu til úrvinnslu á skipulags- og umhverfissviði og málíð komi að nýju fyrir bæjarráð að því loknu.*

*Gert er ráð fyrir að málíð verði til umfjöllunar á fundi bæjarráðs þann 15. ágúst nk. en ráðuneytið óskar svars eigi síðar en 16. ágúst nk.*

*Samþykkt 3:0*

**8. 2407145 - Einigrund 6 (204) - sala á félagslegu húsnæði**

Borist hafa tvö kauptilboð í íbúð 0204 á Einigrund 6.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjóri felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að svara tilboðunum með gagntilboði og vinna málíð áfram.*

*Samþykkt 3:0*

**9. 2402186 - Vallarbraut 3, 0201 - sala á félagslegu húsnæði (fastanr. F210-0737)**

Tvö kauptilboð eru komin í eignina.

Gildistími tilboðanna er til kl. 14:00 og kl. 17:00 þann 26. júlí nk.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir fyrilliggjandi hærra boð í eignina og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins sbr. ítarbókun um málíð.*

*Samþykkt 3:0*

**10. 2406278 - Lóðir til úthlutunar 2024**

Farið yfir lista yfir þær lóðir sem eru lausar til úthlutunar 2024.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að auglýsa umræddar lóðir til úthlutunar. Ráðið leggur áherslu á góða markaðsetningu á lóðum.

*Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðum í Skógarhverfi áfanga 3A, 3C og 5 og á Suðurgötu. Bæjarráð telur ekki þörf á að halda opinn kynningarfund vegna úthlutunar ofangreindra lóða heldur fari úthlutun fram með útdrátti sbr. grein 2.3 í reglum um úthlutun lóða frá 24. nóvember 2020. Gert er ráð fyrir að umsóknarfrestur verði frá 31. júlí 2024 til og með 31 ágúst 2024. Sérstakur úthlutunarfundur í bæjarráði er áætlaður í september 2024 en nákvæm tímasetning fundarins verður kynnt með góðum fyrirvara.*

*Bæjarráð leggur áherslu á að málíð verði vel kynnt á heimasíðu Akraneskaupstaðar og öðrum miðlum.*

*Um er að ræða 21 einbýlishúsalóðir, 10 raðhúsalóðir og 9 fjölbýlishúsalóðir. Samtals 40 lóðir og um 190 íbúðir.*

*EB*

Eftirtaldar lóðir eru tilbúnar til afhendingar nú þegar:

Tjarnarskógar: 6 einbýlishúsaloðir, 2 raðhúsaloðir og 1 fjölbýlishúsaloð.

Skógarlundur: 1 einbýlishúsaloð.

Suðurgata: 5 lóðir fyrir tvibýlishús og 1 lóð fyrir fjórbýlishús.

Afhendingartími annarra lóða er sem hér segir:

Áætlaður afhendingartími lóða 1. desember 2024:

Akralundur 59: Fjölbýlishúsaloð.

Skógarlundur: 14 einbýlishúsaloðir, 8 raðhúsaloðir og 1 fjölbýlishúsaloð

Gjöld á brúttófermetra íbúðarhúsnæðis skulu vera sem hér segir:

Til viðbótar gatnagerðargjaldi skal, sbr. 6 gr. í gjaldskrá um gatnagerðargjald hjá Akraneskaupstað, greiða byggingarréttargjald kr. 26.000 á brúttófermetra íbúðarhúsnæðis, utan bílakjallara. Gjald þetta tekur til einbýlishúsa, par- og raðhúsa og fjölbýlishúsa. Greiðslufyrirkomulag er samkvæmt almennum reglum gjaldskrár um gatnagerðargjald nr. 1543/2022 og gjaldskrá fyrir skipulags og byggingarmál og tengd þjónustugjöld nr. 361/2023, samkvæmt síðari breytingum.

Samþykkt 3:0

#### 11. 2402043 - Kalmansvellir 7 - lóðaleigusamningur

Beiðni um útgáfu lóðarleigusamnings til Bjarmar ehf.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar telur rétt, sbr. fyrilliggjandi minnisblað Ívars Pálssonar hæstaréttarlögmanns, að gerður verður lóðarleigusamningur samkvæmt því formi og efni sem gildir í dag og var tekið upp með samþykkt bæjarstjórnar þann 11. desember 2018.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar vill áréttu þá reglu sem gilt hefur a.m.k. allt frá árinu 2004, sbr. gjaldskrá nr. 812/2003, um að skilyrði þess að lóðarleigusamningur verði gerður við lóðarhafa er að hann hafi lokið frágangi sökkla. Slíku var m.a. ekki til að dreifa í málínu fyrir nefnt tímamark.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar synjar erindi lóðarhafa og felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson víkur af fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Finnur Brundósson  
Valgerður S. S.  
Ragnar Sæmundsson

EI

Guðrún Þórhallsdóttir